



LANDSLAG



Stefnulýsing – tillaga í vinnslu

Lýsing á skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2025 - 2037?

Febrúar 2025



Efnisyfirlit

1	Forsendur og viðfangsefni	3
1.1	Hvað er stefnulýsing og skipulagslýsing	3
1.2	Hvað er aðalskipulag?	4
1.3	Sameining sveitarfélaga	4
1.4	Aðdragandi endurskoðunar.....	4
1.5	Skipulagssvæðið	4
1.6	Skipulagsgögn.....	4
1.7	Forsendur	5
1.7.1	Lýðfræði.....	5
1.7.2	Framtíðarsýn.....	9
2	Áherslur við gerð aðalskipulags	11
2.1	Viðfangsefni	11
2.2	Framtíðarsýn sveitarstjórnar (skv. gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027).....	11
2.3	Áherslur sveitarstjórnar (skv. gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027)	11
2.4	Áherslur og landnotkun samkvæmt skipulagsreglugerð	12
3	Tengsl við aðrar áætlanir	13
3.1	Landsskipulagsstefna	13
3.2	Aðrar áætlanir	13
4	Umhverfismat	14
4.1	Efnistöð, áherslur og áhrifapættir.....	14
4.2	Valkostir.....	14
4.3	Umhverfispættir	14
4.4	Viðmið	14
5	Kynning, samráð og skipulagsferli	15
5.1	Kynning skipulagslýsingar	15
5.2	Samráð	15
5.3	Skipulagsferill	15



1 Forsendur og viðfangsefni

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ákvað á fundi sínum 30. janúar s.l. að hefja ferli endurskoðunar aðalskipulags. Í aðdraganda fyrirhugaðrar vinnu er hér lögð fram stefnulýsing sem lýsir núverandi stöðu sveitarfélagsins, þeirri vinnu sem fyrir höndum ber og framtíðarsýn.

1.1 Hvað er stefnulýsing og skipulagslýsing

Stefnulýsing þessi er unnin af Landslagi ehf. í samstarfi við skipulags- og umhverfisnefnd Langanesbyggðar. Í lýsingunni er ljósi varpað á lykilorðsmynd byggðar í Langanesi sem verður svo grunnur að nýju aðalskipulagi fyrir sameinað sveitarfélag Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Í lýsingunni setur sveitarstjórn fram áherslur sínar og framtíðarsýn í nýtt aðalskipulag, forsendur og hvernig staðið verður að endurskoðun aðalskipulags.

Gert ráð fyrir stefnulýsing þessi verði grunnur að skipulagslýsingu fyrir endurskoðað aðalskipulag Langanesbyggðar.

Lýsing aðalskipulags skv. gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er eftirfarandi:

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Sameina skal gerð lýsingar aðalskipulagsverkefnis og gerð matslýsingar vegna samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati skipulagsverkefnisins.

Að lokinni kynningu skipulagslýsingar verða unnin drög að aðalskipulagi og verður vinnslutillaga kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum. Fullunnin skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður síðan auglýst þar sem gefinn er kostur á að koma athugasemdum á framfæri.



Mynd 1: Einfölduð skýringarmynd af fyrirhuguðu skipulagsferli.

Hlutverk skipulagslýsingar er veita upplýsingar um fyrirhugaða vinnu og gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum í upphafi vinnunnar.

Ábendingar sem berast við lýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið frekar. Markmiðið er að með ábendingum sem berast takist að skilgreina verkefnið á þann hátt að aðalskipulagið taki á öllum þeim helstu þáttum sem skipta máli við framtíðarþróun sveitarfélagsins Langanesbyggðar.

Með þessari lýsingu er verkefnið því kynnt til þess að auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta að taka þátt í mótun endurskoðunarinnar og koma athugasemdum á framfæri. Lýsing þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



1.2 Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags og er sett fram sem stefna um framtíðarnotkun lands og byggðar. Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu sína um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Markmið með gerð aðalskipulags samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru:

- *Að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins.*
- *Að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna.*
- *Að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu.*
- *Að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.*

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna sveitarfélagsins til a.m.k. 12 ára. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags fyrir afmörkuð svæði þar sem stefna aðalskipulags er útfærð nánar.

Síðustu ár hafa breytingar á lögum og reglugerðum gert auknar kröfur á sveitarfélögin við gerð skipulagsáætlana. Í þessari áætlun verður einnig lögð fram flokkun á vegum í náttúru Íslands í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd. Einnig mun fylgja með áætluninni greining á flokkun ræktarlands í samræmi við 3. mgr. 5. gr. jarðalaga nr. 81 frá 2004.

1.3 Sameining sveitarfélaga

Sveitarfélagið Langesbyggð varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðarhrepp árið 2006 og síðar Svalbarðshrepps árið 2022.

1.4 Aðdragandi endurskoðunar

Samkvæmt 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn meta að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið og skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort Landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun.

Sveitarstjórn Langesbyggðar ákvað á fundi sínum 30. janúar 2025 að setja af stað undirbúningsvinnu við endurskoðun aðalskipulags Langesbyggðar.

Í gildi er Aðalskipulag Langesbyggðar 2007-2027 en ekki er í gildi aðalskipulag fyrir Svalbarðshrepp sem sameinaðist Langesbyggð árið 2022.


1.5 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið nær yfir allt landssvæði Langesbyggðar sem er um 2.483 km² að stærð. Langesbyggð er sveitarfélag á og við Langes, Langesströnd og Þistilfjörð á norðausturhorni landsins. Strandlengja Langesbyggðar er 198 km.

Þéttbýli sveitarfélagsins eru tvö, annarsvegar Þórshöfn og hinsvegar Bakkafjörður.

1.6 Skipulagsgögn

Í nýju aðalskipulagi verða gögn sett fram stafrænt aðalskipulag, unnin í landupplýsingakerfi samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Skipulagið verður auk þess sett fram í greinargerð, á sveitarfélagsupprætti og á þéttbýlisuppráttum.




Mynd 2 Staðsetning og afmörkun Langesbyggðar.

1.7 Forsendur

1.7.1 Lýðfræði

Líkt og önnur sveitarfélög á landsbyggðinni hefur sveitarfélagið Langesbyggð glímt við áskoranir tengdum fólksfækkun undanfarin ár. Árið 1998 bjuggu 761 manns í sveitarfélaginu sem nú tilheyrir Langesbyggð. Íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað síðan um 221 íbúa en hægst hefur á fækkuninni síðasta áratuginn.


Þann 1. janúar 2024 bjuggu 540 íbúar í sveitarfélaginu en þar af bjuggu 345 á Þórshöfn og 55 í Bakkafirði.



Mynd 3 Þróun íbúafjölda Langesbyggðar


Gildandi aðalskipulag Langesbyggðar hefur gildistíma frá 2007 – 2027. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir umfangsmikill uppbyggingu tengdri auðlindanýtingu á norðurslóðum. Markmið gildandi skipulags er að fjöldi íbúa a.m.k. 3.500 í lok skipulagstímabils en allt að 5.500 íbúar ef öll markmið og forsendur skipulagsins ganga eftir.

Hluttur karla og kvenna í íbúasamsetningu er nokkuð ójafn. Á eftirfarandi mynd sést hvernig fjöldi karla í sveitarfélaginu hefur þróast umfram fjölda kvenna þar sem dregur saman á árunum 2008 – 2016 en eykst svo aftur upp úr 2017.




Mynd 4 Fjöldi karla umfram konur í Langesbyggð

Sé íbúafjöldi skipt upp eftir 5 ára aldersbilum og gögn árána 2014 og 2024 borin saman sést í hvaða aldersflokkum hefur fjölgað og hvar hefur fækkað. Mest hefur fækkun orðið í aldurshópnum 0 – 19 ára eða um 71 íbúa. Mest hefur fjölgað í aldurshópnum 60 – 94 ára eða um 34 íbúa.




Mynd 5 Breyting á mannfjölda eftir aldursbilum milli áranna 2014 og 2024

Á myndum hér að neðan eru birtir aldurspýramídar sveitarfélagsins fyrir árin 2014 og 2024, þar sést dreifing í aldurshópum eftir kyni. Á 10 ára tímabili sést hvernig fækkar í yngstu aldurshópnum á meðan fjölgar í þeim efri. Mikið munar um fjölda stúlkna í aldurshópnum 0 – 4 ára þar sem fækkar úr 34 stúlkum árið 2014 í 8 árið 2024.




Mynd 6 Aldurspýramídi 2014




Mynd 7 Aldurspýramídi 2024

Undanfarin ár hefur fjöldi íbúa með erlent ríkisfang fjölgað í Langanesbyggð á sambærilegan hátt og annarsstaðar á landinu og var í lok ársins 2024 um 21% af íbúafjölda sveitarfélagsins á meðan að hlutfall erlendra ríkisborgara á landsvísi er um 20%. Sé litið til ársfjórðungaskiptingar er ekki að merkja miklar sveiflur sem gefur til kynna að íbúar séu ekki að sækja í vertíðarskipta atvinnu heldur sé um að ræða íbúa sem byggja sína innkomu á stöðugri atvinnu. Aukning á fjöldi íbúa með erlent ríkisfang breytir samfélagsgerðinni og skapar áskoranir en líka tækifæri fyrir sveitarfélagið við aðlögun nýbúa og vöxt samfélagsins.



Mynd 8 Samanburður á fjölda íslenskra og erlendra ríkisborgara á árunum 2014 - 2024



Mynd 9 Skipting íbúa með erlent ríkisfang

1.7.2 Framtíðarsýn


Sveitarfélagið Langesbyggð er ríkt af náttúruauðlindum. Þar er að finna gjöfugar laxveiðiár, landmiklar heiðar og merkilegar jarðmyndanir, tækifæri til orkuöflunar og aukinnar ferðamennsku. Vöxtur samfélagsins byggir á atvinnumöguleikum á svæðinu og hagnýtingu þeirra möguleika sem standa til boða. Sveitarfélagið er ljósleiðara tengt og því möguleikar á fjarvinnu í gegnum háhraðanet.

Sveitarfélagið hefur í áranna rás byggt afkomu sína á landbúnaði og sjávarútvegi. Ísfélagið er stærsti einstaki vinnuveitandi í sveitarfélaginu með um 60 starfsmenn í vinnu. Hjá sveitarfélaginu starfa að jafnaði um 60 manns. Í sveitarfélaginu er líka starfandi jarðvinnuverktaki, pósthús, verslun, bílaverkstæði og nokkur smærri þjónustufyrirtæki. Opnað hefur verið atvinnu- og nýsköpunarsetur í eigu sveitarfélagsins, rekið með aðstoð þekkinganets Þingeyinga þar sem mögulegt er að fá afnot af skrifstofurými.

Í Húsnæðisáætlun Langesbyggðar 2024 er skortur á íbúðarhúsnæði nefndur sem takmarkandi þáttur í vexti samfélagsins, en ekkert íbúðarhúsnæði hefur verið byggt í 12 ár.

Í húsnæðisáætlun, sem unnin er árlega, er sett fram áætlun á þróun mannfjölda frá 2024 til 2033 þar sem miðspá gerir ráð fyrir um 1,61% árlegri fjölgun íbúa. Gangi spá sveitarfélagsins eftir má gera ráð fyrir því að íbúafjöldi sveitarfélagsins verði orðinn um 700 íbúar við lok skipulagstímabilsins, sem er fjölgun upp á um 100 manns á 13 ára tímabili. Sé fjöldi íbúa í íbúð 2,2 þá þarf að gera ráð fyrir svæði undir um 45 íbúðir á tímabilinu.

Á mynd hér að neðan má sjá þróun íbúafjölda undanfarin 10 ár og spá sveitarfélagsins til næstu 13 ára.



Mynd 10 Íbúaspá sveitarfélagsins í Húsnæðisáætlun 2024



2 Áherslur við gerð aðalskipulags

2.1 Viðfangsefni

Aðalskipulag skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára skv. skipulagslögum og er stefnt að tímabil aðalskipulags Langanesbyggðar hafi gildistíma frá 2025 til 2037. Vinna við aðalskipulag er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila um viðfangsefni sem snúa að þróun sveitarfélagsins til lengri tíma.

Aðalskipulag felur í sér framtíðarsýn og markvissa ákvörðun um hvert sveitarfélagið vill stefna og hvernig settum markmiðum verður náð. Í vinnu við aðalskipulag verða settar fram forsendur, markmið og skipulagsáherslur, ásamt stefnu um framtíðaruppbyggingu í sveitarfélaginu. Lögð verður áhersla á að aðalskipulagið feli í sér skýr markmið, en verði þó sveigjanlegt á þann hátt að hægt verður að einhverju leyti að útfæra leiðir að mismunandi markmiðum. Skipulaginu er ætlað að stuðla að hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu lands, móta stefnu um þróun byggðar og landnotkunar og leggja mat á helstu áhrifum aðalskipulags á umhverfi og samfélag.

2.2 Framtíðarsýn sveitarstjórnar (skv. gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027)

Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa.

2.3 Áherslur sveitarstjórnar (skv. gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027)

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags verður farið yfir hvaða viðfangsefni í sveitarfélaginu kalla á sérstaka yfirferð og endurskoðun.

Á þessum fyrstu stigum skipulagsvinnunnar hefur sveitarstjórn tilgreint nokkur atriði til yfirferðar en athugasemdir og ábendingar við skipulagslýsingu verða einnig nýttar við stefnumótunina (þetta á eftir að gera).

Hér að neðan eru meginmarkmið hvers málaflokks í gildandi aðalskipulagi sem gott er að hafa til hliðsjónar við skilgreiningu helstu viðfangsefna í endurskoðuð aðalskipulagi, en gott að hafa í huga að síðan hefur Svalbarðshreppur sameinast Langanesbyggð.

- **Náttúra:**

Stefna sveitarstjórnar er að marka skýra umhverfisstefnu í sveitarfélaginu og vekja sterka umhverfisvitund hjá íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins sem endurspeglast í tillitssemi í umgengni við náttúruna.

- **Búseta:**

Uppbygging og þétting byggðar skal taka mið af umhverfi og náttúrulegum aðstæðum.

Ákvörðunarferli og stjórnsýsla skulu vera lýðræðisleg, gagnsæ og taka mið af sjónarmiðum íbúa.

Áhersla á samþætt og fjölskylduvænt samfélag.

- **Atvinna:**

Langanesbyggð skal vera heilsteypt atvinnusvæði með fjölbreyttum atvinnutækifærum byggt á náttúru- og mannauði.

- **Samfélag:**



Móta samfélag þar sem allir einstaklingar eru velkomnir og fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í sveitarfélaginu er íbúum og framtíð sveitarfélagsins til hagsbóta.

Heilbrigði og öryggi íbúa og gestkomandi í Langanesbyggð verði tryggt eftir mætti með vandaðri heilbrigðisþjónustu, löggæslu, þjónustu við aldraða, sjúkraflutningum og brunavörnum.

Þá skal Langanesbyggð stuðla að almennri vitund íbúa um heilbriggt mataræði og hreyfingu, sem og mikilvægi góðrar andlegrar heilsu.

Menntun og námsmöguleikar skulu vera tryggir og sem fjölbreyttastir.

- **Grunnkerfi:**

Langanesbyggð mun stuðla að uppbyggingu og viðhaldi á grunnkerfum til/frá og innan sveitarfélagsins svo þau geti stuðlað að aukinni uppbyggingu og vexti sveitarfélagsins.

Íbúar sveitarfélagsins skulu þannig búa við gott aðgengi að atvinnu, þjónustu og mörkuðum með öruggum samgöngumátum. Góðar samgöngur munu auka samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu.

2.4 Áherslur og landnotkun samkvæmt skipulagsreglugerð

Samkvæmt grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð skal marka stefnu um eftirfarandi viðfangsefni í aðalskipulagi og setja fram með ákvörðunum um landnotkun eftir því sem við á:

Athafnasvæði Athafna- og iðnaðarstarfsemi	Blöndun byggðar Blöndun íbúða við aðra landnotkun	Efnistaka Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs	Íbúðarbyggð Íbúðapróun, íbúðasamsetning, íbúðarhúsnæði og íbúðarbyggð
Landbúnaðarsvæði Landbúnaður, ferðaþjónusta og önnur starfsemi	Landsskipulagsstefna Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu	Opin svæði Opin svæði, útivistarsvæði og aðstaða til íþróttaiðkana	Samgöngur Samgöngur, vegir og stígar.
Sjálfbær þróun Markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun	Skógrækt og landgræðsla Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlends	Stakar framkvæmdir Stakar skipulagsskyldar framkvæmdir	Náttúruá Varúðarsvæði og náttúruvá
Veitur Veitur og fjarskipti	Verndar- og orkunýtingaráætlun	Vernd vatns, náttúru- og menningarminja	Verslun og önnur þjónusta Þróun miðbæjarstarfsemi og nærþjónustu
Þéttbýli Þróun þéttbýlis, helstu einkenni einstakra þéttbýlisstaða, samspili þeirra og hlutverkaskiptingu.			



3 Tengsl við aðrar áætlanir

3.1 Landsskipulagsstefna

Aðalskipulag er unnið í samræmi við leiðarljós og markmið Landsskipulagsstefnu. Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða almannahagsmuni og byggðapróun og landnotkun á landsvísi. Leiðarljós Landsskipulagsstefnu miða við að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun, seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, stuðli að lífsgæðum fólks og styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Í Landsskipulagsstefnu 2024–2038 eru sett fram níu lykilviðfangsefni:

- Viðbrögðum við loftslagsbreytingum
- Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæðum í byggðu umhverfi
- Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða
- Landnotkun í dreifbýli
- Landnotkun á miðhálandi Íslands
- Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta
- Skipulagi haf- og strandsvæða
- Skipulagi vindorku
- Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Sett eru fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum:

- Vernd umhverfis og náttúru
- Velsæld samfélags
- Samkeppnishæft atvinnulíf

Í vinnu við aðalskipulag Langanesbyggðar verður Landsskipulagsstefna 2024–2038 höfð til hliðsjónar og verður tillaga að aðalskipulagi í samræmi við þau níu lykilviðfangsefni sem sett eru fram í landsskipulagsstefnu.

3.2 Aðrar áætlanir

Aðalskipulagið verður unnið með hliðsjón af stefnum og markmiðum úr eftirfarandi áætlunum:

- *Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga*
- *Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar*
- *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun*
- *Samgönguáætlun*
- *Náttúruverndaráætlun*
- *Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030*
- *Vatnaáætlun 2022-2027*
- *Líf og land, landgræðsluáætlun og landsáætlun um skógrækt*
- *Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026*
- *Ferðapjónusta til 2030*
- *Kerfisáætlun Landsnets*
- *Verndar- og orkunýtingaráætlun*



4 Umhverfismat

Stefna í aðalskipulaginu fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er hér gerð grein fyrir hvernig staðið verður að vinnu við umhverfisskýrslu. Í endurskoðun aðalskipulags Langanesbyggðar felast að öllum líkindum engin áform um stefnumörkun fyrir framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

4.1 Efnistöð, áherslur og áhrifaþættir

Umhverfisskýrsla verður liður greinagerðar aðalskipulagsins en þar verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulags. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja að við ákvörðun um landnotkun verði litið til umhverfissjónarmiða. Við umhverfismat verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Megin áhrifaþættir snúa að meginviðfangsefnum aðalskipulagsins en aðrir þættir verða skoðaðir eftir því sem tilefni er til í skipulagsvinnunni. Metnar verða helstu breytingar á stefnu gildandi skipulags. Ekki er gert ráð fyrir mati á hverri breytingu á landnotkun fyrir sig enda verður að nokkru leyti óljóst hvort um stefnubreytingu er að ræða, einfaldlega vegna þess að ný skipulagslög og reglugerð kveða á um nokkru ítarlegri stefnumótun en áður var gert. Dregin verða fram áform sem víkja markvert frá gildandi skipulagi og sýnt hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina.

4.2 Valkostir

Markmið matsvinnu er að fá fram upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta er snerta m.a. atvinnu, íbúðarbyggð, auðlindir, samgöngur og veitur og samfélag. Umræður og upplýsingar sem koma fram í matinu kunna að hafa áhrif á val valkosta. Markmiðið með matsvinnunni er m.a. að skilgreina, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og leggja til mótvægisáðgerðir, rannsóknir og vöktun sé þess talin þörf.

4.3 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi. Mögulegir umhverfisþættir sem í aðalskipulagi verða metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Auðlindir
- Gróður og lífríki
- Jarðmyndanir
- Verndarsvæði og minjar
- Heilsa og öryggi
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Loftslag
- Sjór og strandlína

4.4 Viðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefnumið aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga og m.a. byggt á stefnu stjórnvalda eða sveitarstjórnar, tilmælum laga og reglugerða og upplýsingum um málaflokka aðalskipulagsins. Við val og skilgreiningu á umhverfisviðmiðum og við mat á vægi og áhrifum verður notast við fjöldamörg gögn, svo sem lög og reglugerðir, Landsskipulagsstefnu, náttúruminjasráð, náttúruverndaráætlun, leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisviðmið auk fleiri gagna.



5 Kynning, samráð og skipulagsferli

5.1 Kynning skipulagslýsingar

Þegar skipulagslýsing fyrir endurskoðað aðalskipulag Langanesbyggðar hefur verið unnin út frá stefnulýsingu þessari mun lýsingin vera kynnt í samræmi við skipulagslög.

Með kynningu skipulagslýsingar er íbúum, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar við upphaf skipulagsvinnunnar. Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum, dreifibréfum og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.langanesbyggd.is Lýsingin verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu sveitarfélagsins á Þórshöfn (**ath. er starfsstöð á Bakkafirði?**). Kynningartími og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Ábendingum sem berast um skipulagslýsingu verður ekki svarað formlega heldur tekin afstaða við vinnslu tillögunnar.

5.2 Samráð

Fyrirhugað er að halda samráðsfundi með íbúum í gegnum skipulagsferlið þar sem umræður verða um ákveðin þema varðandi þróun byggðar og umhverfis. Í tengslum við vinnu við gerð aðalskipulags verður óskað eftir umsögnum eftirtalinna aðila:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Landsnet
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Íslands
- Nefndir Langanesbyggðar
- Veitur Langanesbyggðar
- Rarik
- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin

5.3 Skipulagsferill

Að lokinni kynningu skipulagslýsingar verður unnin tillaga að aðalskipulagi. Áætlaður tímaferill skipulagsvinnunnar er, birt með fyrirvara um breytingar:

Skipulagslýsing og forsendur		
Mánuður	Ferli	Lýsing
Febrúar - apríl 2025	Skipulagslýsing	Skipulagslýsing unnin og samþykkt af skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn, send til umsagnaraðila og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.
Mái - júní 2025	Forsendur	Gagnaöflun, greining forsenda og önnur grunnvinna aðalskipulags.
Ágúst - Nóvember 2025	Frumdrög	Mótun tillögu að aðalskipulagi. Unnið að stefnumótun og mótun skipulagskosta fyrir aðalskipulag í samstarfi við skipulags- og umhverfisnefndar og sveitarstjórn. Athugasemdir við skipulagslýsingu nýttar við mótun stefnu. Íbúafundur þar sem frumdrög og áherslur aðalskipulagsins eru kynnt og óskað eftir viðbrögðum íbúa sem nýtt verða við áframhaldandi vinnu við aðalskipulag.



		Samráðsfundir með hagsmunaaðilum um sérhæfð málefni aðalskipulagsins.
<i>Desember 2025</i>	Frumdrög	Frumdrög aðalskipulagstillögu kynnt fyrir sveitarstjórn.
Tillaga að aðalskipulagi		
Mánuður	Ferli	Lýsing
<i>Janúar - apríl 2026</i>	Vinnslutillaga	Frekari mótun tillögu að aðalskipulagi. Endanleg mótun stefnu varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Gengið frá lokatillögu aðalskipulags og umhverfisskýrslu til samþykktar í formlegt kynningar- og umsagnarferli.
<i>Mái 2026</i>	Vinnslutillaga	Tillaga að aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu kynnt í sveitarstjórn. Íbúafundur þar sem tillaga að aðalskipulagi er kynnt ásamt forsendum hennar og umhverfisskýrslu.
<i>Ágúst 2026</i>	Auglýsing tillögu	Tillaga að aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Tillaga að aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.
<i>September - október 2026</i>	Auglýsing tillögu	Tillaga að aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
Úrvinnsla aðalskipulags		
Mánuður	Ferli	Lýsing
<i>Nóvember. 2026</i>	Afstaða til athugasemda	Tillaga að aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi af skipulags- og umhverfisnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Unnið úr umsögnum og athugasemdum. Afgreiðsla umsagna og athugasemda.
Samþykkt og staðfesting aðalskipulags		
Mánuður	Ferli	Lýsing
<i>Desember 2026</i>	Samþykkt	Tillaga að aðalskipulagi samþykkt af skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn. Samþykkt aðalskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að staðfesta aðalskipulagið og auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.